

---

<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2005/EES/31/01</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3845 – PAI/Chr. Hansen) . . . . .	<b>1</b>
<b>2005/EES/31/02</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3853 – Solvay/Fournier) . . . . .	<b>2</b>
<b>2005/EES/31/03</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3593 – Apollo/Bakelite). . . . .	<b>3</b>
<b>2005/EES/31/04</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.3812 – Goldman Sachs/Euramax). . . . .	<b>3</b>
<b>2005/EES/31/05</b>	Auglýst eftir umsóknum um leitarleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 — Lýðveldið Ítalía — Sikileyjarhérað. . . . .	<b>4</b>
<b>2005/EES/31/06</b>	Auglýsing ítalskra stjórnvalda í samræmi við aðra málsgrein 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	<b>6</b>

<b>2005/EES/31/07</b>	Orðsending frönsku ríkisstjórnarinnar með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	<b>7</b>
<b>2005/EES/31/08</b>	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar . . . . .	<b>8</b>
<b>2005/EES/31/09</b>	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum . . . .	<b>8</b>
<b>2005/EES/31/10</b>	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans — Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við . . . . .	<b>9</b>
<b>2005/EES/31/11</b>	Reglur um upplýsingaskipti – Tæknilegar reglugerðir . . . . .	<b>14</b>

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3845 – PAI/Chr. Hansen)**

**2005/EES/31/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. júní 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið PAI Partners SAS („PAI“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir framleiðslu danska fyrirtækisins Chr. Hansen Holding A/S á innihaldsefnum matvæla, einu nafni Chr. Hansen.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - PAI: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
  - Chr. Hansen: framleiðsla og sala á innihaldsefnum matvæla (einkum mjólkurlífhvötum, mjólkurgerlum, náttúrulegum litarefnum og bragðefnum)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 149, 21. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3845 – PAI/Chr. Hansen, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.3853 – Solvay/Fournier)**

2005/EES/31/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. júní 2005 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgíska fyrirtækið Solvay SA öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir franska fyrirtækinu Fournier Industrie et Santé SA („Fournier“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Solvay: sala iðefna og lyfja víða um heim
  - Fournier: sala lyfja
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 151, 22. júní 2005). Þær má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3853 – Solvay/Fournier, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2005/EES/31/03**  
**(mál COMP/M.3593 – Apollo/Bakelite)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. apríl 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3593. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2005/EES/31/04**  
**(mál COMP/M.3812 – Goldman Sachs/Euramax)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. júní 2005 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://europa.eu.int/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32005M3812. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://europa.eu.int/eur-lex/lex>).

**Auglýst eftir umsóknum um leitarleyfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994**

2005/EES/31/05

**LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA**

**SIKILEYJARHÉRAÐ**

*ASSESSORATO INDUSTRIA* (Iðnaðarskrifstofa)

*DIPARTIMENTO CORPO REGIONALE DELLE MINIERE* (Héraðsnámustjóri)

*Ufficio regionale per gli idrocarburi e la geotermia* (Héraðsskrifstofa kolvetnisvinnslu og jarðhita)

Hinn 21. nóvember 2003 lagði fyrirtækið Edison Gas SpA, skráð að Foro Buonaparte 31, Milano, skattnúmer 10578610155, fram umsókn hjá Iðnaðarskrifstofu, Via Ugo La Malfa 87/89, 90146 Palermo, yfirvaldi sem úthlutar námavinnsluleyfum á Sikiley, í samræmi við sikileysk héraðslög nr. 14 frá 3. júlí 2000, en með þeim er lögtekin tilskipun 94/22/EB, um leyfi til að leita að olíu og gasi á svæði sem gengur undir nafninu „Castronuovo“ og tekur yfir 749,78 km<sup>2</sup> í sveitarfélögunum Alessandria della Rocca, Bivona, Burgio, Cammarata, Casteltermini, Lucca Sicula, S. Biagio Platani og Santo Stefano Quisquinia í Agrigentohéraði, og Campofelice di Fitalia, Castronuovo di Sicilia, Corleone, Chiusa Sclafani, Godrano, Lercara Friddi, Mezzojuso, Palazzo Adriano, Prizzi, Roccapalumba og Vicari í Palermohéraði.

Svæðið, sem umsóknin tekur til, markast af óslitinni línu sem er dregin milli punktanna A, B, C, D, E, F, G og H sem skilgreindir eru hér á eftir:

- A. Landmælingapunktur í 1.211 m hæð á Pizzo di Casa. Samsvarar punktinum G sem skilgreindur var vegna leyfisins sem kennt er við „Montemaggiore Belsito“.
- B. Punktur 100 m norðan landmælingapunkts í 538 m hæð sunnan Regalgioffoli við veginn milli Roccapalumba og Caccamo. Samsvarar punktinum F sem skilgreindur var vegna leyfisins sem kennt er við „Montemaggiore Belsito“.
- C. Punktur á Cozzo della Issa í 559 m hæð í sveitinni S. Nicola, 1.820 m vestnorðvestur af járnbrautarstöðinni í Cammarata. Samsvarar punktinum E sem skilgreindur var vegna leyfisins sem kennt er við „Montemaggiore Belsito“.
- D. Landmælingapunktur í 1.578 m hæð í Monte Cammarata, vestsuðvestur af byggðinni í S. Giovanni Gemini og Cammarata. Samsvarar punktinum D sem skilgreindur var vegna leyfisins sem kennt er við „Montemaggiore Belsito“.
- E. Landmælingapunktur í 636 m hæð í Cozzo della Mulicedda, norðaustur af byggðinni í S. Biagio Platani. Samsvarar punktinum L sem skilgreindur var vegna leyfisins sem kennt er við „Montemaggiore Belsito“.
- F. Punktur við vörðu sem markar 12 kílómetra á sýsluveginum sem liggur til Bivona frá þjóðvegi 386 nærri byggðinni í Calamonaci.
- G. Punktur 500 m norðnorðaustur af mótum veganna til Villafranca Sicula og Lucca Sicula, á síðarnefnda veginum.
- H. Landmælingapunktur í 1.197 m hæð á Colombafjalli.

## Hnit

Punktur	Austlæg lengd (M. Mario)	Norðlæg breidd
A	00° 59' 34"	37° 50' 32,50"
B	01° 11' 08"	37° 49' 09"
C	01° 12' 06"	37° 39' 27"
D	01° 09' 20"	37° 37' 08"
E	01° 05' 47"	37° 31' 23"
F	00° 55' 39"	37° 34' 14"
G	00° 50' 30,10"	37° 34' 45,40"
H	00° 54' 03"	37° 42' 34"

Frestur til að leggja fram aðrar umsóknir um leitarleyfi fyrir þetta svæði er 90 dagar frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 142, 11. júní 2005). Umsóknir, sem berast síðar, verða ekki teknar til greina. Ákvörðun um úthlutun leitarleyfis verður tekin áður en sex mánuðir eru liðnir frá lokum umsóknarfrests.

Í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 94/22/EB skal þess einnig getið að viðmið, sem notuð eru við úthlutun leitarleyfa, rannsóknarleyfa og framleiðsluleyfa, hafa þegar verið birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (C 396, 19. desember 1998). Viðmiðin voru sett í lagatilskipun forseta Lýðveldisins nr. 625 frá 25. nóvember 1996 (er birtist í ítölsku stjórnartíðindunum nr. 293 hinn 14. desember 1996), en með henni var áður nefnd tilskipun lögtekin á Ítalíu, og útfærð nánar í ofangreindum sikileyskum héraðslögum nr. 14 frá 3. júlí 2000 (stjórnartíðindi Sikileyjar nr. 32 frá 7. júlí 2000).

Mælt er fyrir um skilyrði og skilmála vegna rekstrar og rekstrarstöðvunar í ofangreindum sikileyskum héraðslögum nr. 14 og verklýsingu sem gefin var út með tilskipun Iðnaðarskrifstofu frá 30. október 2003 og birt í stjórnartíðindum Sikileyjar nr. 49 frá 14. nóvember 2003.

Þeir, sem áhuga kynnu að hafa, geta kynnt sér umsóknargögnin á Héraðsskrifstofu kolvetnisvinnslu og jarðhita (*Ufficio regionale per gli idrocarburi e la geotermia*), Héraðsnámustjóra (*Corpo Regionale delle Miniere*), Via C. Camilliani n. 87 c.a.p. I-90145 Palermo.

**Auglýsing ítalskra stjórnvalda í samræmi við aðra málsgrein 14. gr. tilskipunar  
Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og  
notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

2005/EES/31/06

Allar upplýsingar má nálgast hjá:

ASSESSORATO INDUSTRIA

Via U. La Malfa 87/89 – 90146 Palermo

Dipartimento Industria

Servizio II – Risorse Minerarie ed Energetiche

Via U. La Malfa 87/89 – 90146 Palermo

Sími: (091) 707 06 46; (091) 707 06 05; bréfasími: (091) 707 06 99; netfang:

[f.marceno@regione.sicilia.it](mailto:f.marceno@regione.sicilia.it)

sem hefur með höndum úthlutun leitarleyfa, rannsóknarleyfa, framleiðsluleyfa, flutningsleyfa og geymsluleyfa vegna olíu í Sikileyjarhéraði í samræmi við 10. gr. tilskipunar 94/22/EB.



**Orðsending frönsku ríkisstjórnarinnar með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins  
og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun  
leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni <sup>(1)</sup>**

2005/EES/31/07

*(Auglýsing um umsóknir um einkanytjaleyfi til að leita að fljótandi og loftkenndum kolvatnsefnum,  
„Aquila-leyfið“ og „Arcachon Maritime-leyfið“)*

Fyrirtækin Vermilion Rep SAS og Vermilion Exploration SAS, skráð að Route de Pontenx, F-40161 Parentis-en-Born (Frakklandi), hafa með umsókn frá 18. desember 2004 farið fram á einkanytjaleyfi til fimm ára, sem gefið hefur verið nafnið „Aquila-leyfið“, til að leita að fljótandi og loftkenndum kolvatnsefnum á svæði sem er hér um bil 709 km<sup>2</sup> og liggur í sýslunni Gironde og á landgrunninu út af ströndum hennar.

Fyrirtækið Island Oil and Gas plc, skráð að ‘Curdarragh’, Annamult, Bennettsbridge, County Kilkenny (Írlandi), hefur með umsókn frá 4. mars 2005 farið fram á einkanytjaleyfi til fimm ára, sem gefið hefur verið nafnið „Arcachon Maritime-leyfið“, til að leita að fljótandi og loftkenndum kolvatnsefnum á svæði sem er hér um bil 638 km<sup>2</sup> og liggur á landgrunninu út af ströndum sýslunnar Gironde, að hluta til í samkeppni við Aquila-leyfið.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugum og breiddarbaugum sem mætast í hornpunktunum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París (Greenwich-hnit).

Hornpunktar	Lengd	Breidd
A	4.30° V (1°31'56" V)	49.90° N (44°54'40" N)
B	3.90° V (1°10'20" V)	49.90° N (44°54'40" N)
C	3.90° V (1°10'20" V)	49.80° N (44°49'16" N)
D	4.00° V (1°15'44" V)	49.80° N (44°49'16" N)
E	4.00° V (1°15'44" V)	49.59° N (44°37'55" N)
F	4.01° V (1°16'17" V)	49.59° N (44°37'55" N)
G	4.01° V (1°16'17" V)	49.56° N (44°36'18" N)
H	4.00° V (1°15'44" V)	49.56° N (44°36'18" N)
I	4.00° V (1°15'44" V)	49.50° N (44°33'04" N)
J	4.10° V (1°21'08" V)	49.50° N (44°33'04" N)
K	4.10° V (1°21'08" V)	49.60° N (44°38'28" N)
L	4.20° V (1°26'32" V)	49.60° N (44°38'28" N)
M	4.20° V (1°26'32" V)	49.70° N (44°43'52" N)
N	4.30° V (1°31'56" V)	49.70° N (44°43'52" N)

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um einkaleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 144, 14. júní 2005), í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvatnsefni í Frakklandi, sem birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 374 hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 95-427 frá 19. apríl 1995 um námaréttindi (*Journal officiel de la République française* (frönsku stjórnartíðindin) frá 22. apríl 1995).

Nánari upplýsingar fást í efnahags-, fjármála- og iðnaðarráðuneytinu í Frakklandi: Ministère de l'économie, des finances et de l'industrie (direction générale de l'énergie et des matières premières, direction des ressources énergétiques et minérales, bureau de la législation minière), 61, boulevard Vincent Auriol, Télédoc 133, F-75703 Paris Cedex 13, France (sími (33) 144 97 23 02, bréfasími (33) 144 97 05 70).

<sup>(1)</sup> Stj. 1994, EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

**2005/EES/31/08**

**Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við  
reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu  
87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar**

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda á Ítalíu (Langbarðalandi) um aðstoð nr. XT 29/02 sem varðar almenna og sérhæfða menntun í fyrirtækjum í Langbarðalandi (sjá Stjtið. ESB C 137, 4.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda á Ítalíu (Liguria) um aðstoð nr. XT 58/02 sem varðar stuðning við menntunaráætlanir fyrirtækja, atvinnugreinasamtaka og sveitar- og héraðsstjórna og uppbyggingu endurmenntunar á árinu 2002 (sjá Stjtið. ESB C 137, 4.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda á Ítalíu (Campania, Puglia, Basilicata, Calabria, Sikiley og Sardiníu) um aðstoð nr. XT 80/02 sem varðar uppbyggingu mannaúts á sviði rannsókna og þróunarstarfs (sjá Stjtið. ESB C 137, 4.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda á Spáni (sjálfstjórnarhéraðinu Valencia, héraði sem er styrkhæft samkvæmt 3. mgr. 87. gr. EB-sáttmálans) um aðstoð nr. XT 81/02 í þágu fyrirtækisins GLAPILK, A.I.E. (sjá Stjtið. ESB C 137, 4.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda á Ítalíu um aðstoð nr. XT 13/01 (Calabria) sem varðar starfsmenntun (sjá Stjtið. ESB C 139, 8.6.2005).

**2005/EES/31/09**

**Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við  
reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu  
87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum**

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda á Ítalíu (sjálfstjórnarhéraðinu Trento) um aðstoð nr. XS 93/03 sem varðar þjónustu fyrir litil og meðalstór fyrirtæki (sjá Stjtið. ESB C 137, 4.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda á Ítalíu (Marche) um aðstoð nr. XS 140/03 sem varðar aðstoð til fjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum (sjá Stjtið. ESB C 137, 4.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda í Þýskalandi (Baden-Württemberg) um aðstoð nr. XS 12/02 sem varðar þróunaráætlun fyrir strjálbýl héruð (sjá Stjtið. ESB C 139, 8.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda í Austurríki um aðstoð nr. XS 528/02 sem varðar áætlun til að ýta undir yfirfærslu tækniþekkingar (sjá Stjtið. ESB C 139, 8.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda í Bretlandi (Norðaustur-Englandi) um aðstoð nr. XS 91/03 sem rennur til Rivergreen Developments Plc (sjá Stjtið. ESB C 139, 8.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda á Ítalíu (Friuli-Venezia Giulia) um aðstoð nr. XS 111/03 sem varðar niðurgreidd lán sem veitt eru handverksfyrirtækjum vegna rekstrarfjárfestinga (sjá Stjtið. ESB C 139, 8.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda á Ítalíu (Langbarðalandi) um aðstoð nr. XS 113/03 sem varðar stuðning við fjárfestingar og nýsköpun (sjá Stjtið. ESB C 139, 8.6.2005).

Framkvæmdastjórnin hefur birt upplýsingar stjórnvalda í Þýskalandi (Neðra-Saxland, sveitahéraðið Holzminden) um aðstoð nr. XS 128/02 sem varðar leiðbeiningar um kynningu fjárfestingum lítilla og meðalstórra fyrirtækja í framleiðslu í sveitahéraðinu Holzminden (sjá Stjtið. ESB C 139, 8.6.2005).

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans****2005/EES/31/10**

Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Belgíu vegna flutninga á skipgengum vatnaleiðum í Vallóníu 2004–2007, ríkisaðstoð nr. N 4/2004, sjá Stjtið. ESB C 125, 24.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað framlengingu á aðstoðaráætlunum stjórnvalda á Ítalíu í tengslum við alþjóðaskipaskrána, ríkisaðstoð nr. N 45/2004, sjá Stjtið. ESB C 125, 24.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda á Spáni í tengslum við rannsóknir og þróunarstarf, umhverfisvernd og endurmenntun í kolanámufyrirtækjum í sjálfstjórnarhéraðinu Castilla y León árin 2003–2006, ríkisaðstoð nr. N 104/2003, sjá Stjtið. ESB C 125, 24.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Þýskalandi sem lýtur að fjármögnun til að leggja, lengja og taka í notkun á ný hliðarspor járnbrauta í einkaeigu í því skyni að auka vöruflutninga á járnbrautum og flytja nokkuð af vöruflutningum af vegum á járnbrautir, ríkisaðstoð nr. N 170/2004, sjá Stjtið. ESB C 125, 24.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu vegna skemmda af völdum náttúruhamfara, ríkisaðstoð nr. N 174a/2004, sjá Stjtið. ESB C 125, 24.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áriðandi ráðstafanir stjórnvalda á Ítalíu í því skyni að styrkja endurskipulagningu og endurreisn fyrirtækisins Alitalia (björgunaraðstoð), ríkisaðstoð nr. N 279/2004, sjá Stjtið. ESB C 125, 24.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað breytingu á aðstoðaráætlun stjórnvalda á Grikklandi (N 323/01) sem varðar aðstoð til fjárfestinga í sjálfbærri orkunýtingu, ríkisaðstoð nr. N 428/04, sjá Stjtið. ESB C 125, 24.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu (Sikiley) í því skyni að ýta undir samsetta vega- og sjóflutninga á vörum á Sikiley, ríkisaðstoð nr. N 551/03, sjá Stjtið. ESB C 125, 24.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað framlengingu aðstoðaráætlun stjórnvalda á Ítalíu í því skyni að mæta félagslegum útgjöldum strandflutningafyrirtækja árin 2004 og 2005, ríkisaðstoð nr. N 599/2003, sjá Stjtið. ESB C 125, 24.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað félagslega aðstoð stjórnvalda í Frakklandi sem lýtur að undanþágu frá gjaldi sem lagt er á sjúkratryggingasamninga, ríkisaðstoð nr. E 46/2001, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Finnlandi sem lýtur að undanþágu frá staðgreiddum tekjuskatti og bætur vegna almannatryggingagjalda farmanna, ríkisaðstoð nr. N 70/2004, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Austurríki vegna samsettra vega-, járnbrauta- og sjóflutninga, ríkisaðstoð nr. N 140/2004, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Belgíu vegna útgerðar, dýpkunar og dráttar, ríkisaðstoð nr. N 142/00, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Bretlandi (Skotlandi) til að styðja útbreiðslu breiðbandsþjónustu á viðunandi verði í strjálbýlum og afskekktum héruðum í Skotlandi, ríkisaðstoð nr. N 307/2004, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Frakklandi til að mæta útgjöldum kolanámufyrirtækja vegna lokana á árinu 2003, ríkisaðstoð nr. N 421/2003, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Belgíu til framleiðslu á kvikmyndum og hljóð- og myndefni í Flandri (*Vlaams Audiovisueel Fonds*), ríkisaðstoð nr. N 496/04, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Frakklandi sem lýtur að endurgreiðslu á þeim hluta aðstöðugjalds sem er greiddur vegna sjóflutninga, ríkisaðstoð nr. N 593/2000, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað þróunaraðstoð stjórnvalda í Þýskalandi í tengslum við uppbyggingu héraðsflugvalla, ríkisaðstoð nr. N 644i/2002, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Frakklandi sem lýtur að endurgreiðslu á almannatryggingagjöldum útgerðarfyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 766/2000, sjá Stjtið. ESB C 126, 25.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Þýskalandi sem lýtur að umbótum í landbúnaði og verndun strandlengjunnar árin 2005–2008, ríkisaðstoð nr. N 12/05, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Þýskalandi sem lýtur að umbótum í landbúnaði og verndun strandlengjunnar árin 2004–2007, ríkisaðstoð nr. N 13/05, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað framlengingu stjórnvalda í Bretlandi (Norður-Írlandi) á áætlun um aukin gæði nautakjöts, ríkisaðstoð nr. N 35/2005, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað styrki stjórnvalda á Ítalíu (Toscana) við bændur sem taka þátt í áætlun um eftirlit með slímhúðarbolgu í sauðfé (blátungu), ríkisaðstoð nr. N 50/2005, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Frakklandi til að bæta rekjanleika og gæði í kornframleiðslu (breyting á aðstoð nr. N 358/2004), ríkisaðstoð nr. N 86/2005, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað framlengingu stjórnvalda í Þýskalandi á tímabundnum varnaraðgerðum í þágu skipasmíðastöðva, ríkisaðstoð nr. N 23/2005, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Finnlandi sem lýtur að tímabundnum varnaraðgerðum í þágu skipasmíðastöðva, ríkisaðstoð nr. N 39/2005, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað ábyrgð stjórnvalda á Írlandi í þágu íbúðalánasjóðs (*Housing Finance Agency*), ríkisaðstoð nr. N 89/04, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Finnlandi í mynd ábyrgða sveitarstjórna, ríkisaðstoð nr. N 179/04, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun stjórnvalda í Bretlandi með heitinu ATLAS, breiðbandsáætlun fyrir fyrirtækjagarða, ríkisaðstoð nr. N 213/03, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu í þágu fyrirtækisins Altair Chimica, ríkisaðstoð nr. N 346/04, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Írlandi (öll héruð) með heitinu „Company Holding Regime“ sem lýtur að skattafrádrætti í öllum atvinnugreinum, ríkisaðstoð nr. N 354/04, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Frakklandi (Guadeloupe) í þágu tiltekinnna flokka farþega í flugi milli Guadeloupe og meginlands Frakklands, ríkisaðstoð nr. N 385/04, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Þýskalandi (Sachsen-Anhalt) í þágu fyrirtækisins Q-Cells AG, ríkisaðstoð nr. N 457/2004, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Spáni í mynd opinbers stuðnings við fyrirtækið Espacio Editorial Andaluza Holding S.L., ríkisaðstoð nr. N 458/04, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað breytingu stjórnvalda í Ungverjalandi (öll héruð) á reglum um skattfríðindi, ríkisaðstoð nr. N 504/04, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu í þágu fyrirtækisins Cableways, Valle d'Aosta, vegna togbrauta, ríkisaðstoð nr. N 676/02, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað stuðning stjórnvalda í Þýskalandi (Saxlandi) við fjárfestingar í fyrirtækinu Vallourec & Mannesmann Tubes í því skyni að auka hagræðingu, draga úr útgjöldum og auka vörugæði (samskeytalaus rör), ríkisaðstoð nr. NN 15/04, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda á Ítalíu í tengslum við fjármögnun kerfa til að reikna og reka gagnagrunna, ríkisaðstoð nr. N 83/2004, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Frakklandi sem lýtur að hafnargjöldum í frönsku sýslunum handan hafs, ríkisaðstoð nr. N 107/2004, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda á Spáni (sjálfstjórnarhéraðinu Madrid) vegna rannsókna og tæknipróunar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, ríkisaðstoð nr. N 113/2004, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Finnlandi (suðaustur-Finnlandi) í tengslum við „Áhættufjármagnssjóð suðaustur-Finnlands“, ríkisaðstoð nr. N 188/2004, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Belgíu sem lýtur að lækkuðum á vörugjöldum á orkugjöfum og raforku, ríkisaðstoð nr. N 201/2004, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað breytingu stjórnvalda í Danmörku á áætlun um byggðaaðstoð, ríkisaðstoð nr. N 389/2004 (áður N 808/1999), sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað framlag stjórnvalda á Ítalíu til rekstrar togbrauta í Prada-Costabella, ríkisaðstoð nr. N 476/04, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Frakklandi í tengslum við áætlunina MEDEA+ (T 207), ríkisaðstoð nr. N 478/03, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað breytingu stjórnvalda í Frakklandi (Réunion) á áætlun nr. N 324/2000 – Ráðstafanir á sviði orkusparnaðar og uppbyggingar endurnýjanlegra orkulinda, ríkisaðstoð nr. N 549/2003, sjá Stjtið. ESB C 131, 28.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun stjórnvalda í Bretlandi með heitinu “Greater London High-Technology Seed and Creative Industries Funds”, ríkisaðstoð nr. N 5/2004, sjá Stjtið. ESB C 133, 31.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Þýskalandi sem lýtur að fjármögnun skipa með viðmiðunarmarkaðsvöxtum (CIRR), ríkisaðstoð nr. N 20/2004, sjá Stjtið. ESB C 133, 31.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlun stjórnvalda í Finnlandi með heitinu „Midinvest-sjóðurinn“ sem hefur að markmiði bæta úr skorti á möguleikum til stofnfjármögnunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í héruðunum Efra-Birkaland og Keuruu, ríkisaðstoð nr. N 164/2004, sjá Stjtið. ESB C 133, 31.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað áætlun stjórnvalda á Írlandi með heitinu “Business Expansion Scheme & Seed Capital Scheme”, ríkisaðstoð nr. N 311/2004, sjá Stjtið. ESB C 133, 31.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Tékklandi í tengslum við einkavæðingu UNIPETROL, ríkisaðstoð nr. N 353/2004, sjá Stjtið. ESB C 133, 31.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Ungverjalandi í mynd undanþágu frá vörugjaldi á lífildsneyti, ríkisaðstoð nr. N 427/04, sjá Stjtið. ESB C 133, 31.5.2005.

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoð stjórnvalda í Þýskalandi í tengslum við umhverfisgjald frá 1. janúar 2003, ríkisaðstoð nr. NN 61/2003, sjá Stjtið. ESB C 133, 31.5.2005.

